



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um undirbúning byggingar nýrra íþróttamannvirkja í Sveitarfélaginu Hornafirði

Stjórnskipuleg staða

Stýrihópur heyrir undir bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs og verkefnastjóri uppbyggingar íþróttamannvirkja eru starfsmenn stýrihópsins og rita fundargerðir. Ábyrgðarmaður hópsins er bæjarstjóri.

Skipan, seturéttur á fundum og áheyrnaraðild

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar skipar fjóra fulltrúa í stýrihópinn samkvæmt þeim því sem hér á eftir greinir:

- Einn aðalfulltrúi frá hverju framboði þeirra flokka sem eiga sæti í bæjarstjórn skal tilnefndur af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Bæjarráð kýs formann og varaformann fyrir stýrihópinn.

Skipunartími stýrihópsins fylgir kjörtímabili sveitarstjórnar nema að bæjarráð ákveði að hópurinn hafi lokið hlutverki sínu áður en kjörtímabilinu er lokið.

Auk kjörinna fulltrúa á bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla til á fundi ráðsins sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni, svo sem sérfræðinga, ráðgjafa, fulltrúa íþróttafélaga, skólasamfélagsins eða aðra hagaðila. Starfsmönnum stofnana bæjarins er skylt að sitja fundi stýrihópsins sé þess óskað

Hlutverk og verksvið

Hlutverk stýrihópsins er að leiða undirbúning, samræmingu og stefnumótun vegna uppbyggingar nýrra íþróttamannvirkja í Sveitarfélaginu Hornafirði og vera ráðgefandi gagnvart bæjarráði og bæjarstjórn um framkvæmd verkefnisins.

Meðal verkefna stýrihópsins er einkum að:

- Greina og meta til fullnustu valkosti varðandi staðsetningu, umfang, hönnun, framkvæmdafyrirkomulag, framkvæmdakostnað, rekstrarkostnað, tengsl við aðrar byggingar, heildarsýn á uppbyggingu viðkomandi svæðis og annað það er áhrif kann að hafa á verkefnið.
- Hafa umsjón með vinnu og leita hagkvæmustu og bestu lausna við hönnun, byggingu og rekstur viðkomandi mannvirkja.
- Leggja til grundvallar vinnu sinni þarfagreiningar, skýrslur, samþykktir, stefnumörkun og önnur gögn sem bæjarstjórn, bæjarráð eða starfsmenn sveitarfélagsins hafa unnið eða fjallað um vegna verkefnisins.
- Hafa virkt og reglulegt samráð við íþróttafélög, notendur mannvirkjanna, skólasamfélagið og aðra hagaðila eftir því sem við á og upplýsa viðkomandi aðila reglulega um stöðu verkefnisins.
- Leggja fram tillögur um áfangaskiptingu, kostnaðaráætlanir og tímasetningar til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.



- Fylgjast með framvindu hönnunar og framkvæmda og veita ráðgjöf um útfærslur innan þeirra markmiða og fjárhagsramma sem bæjarstjórn ákveður.
- Veita umsagnir og leiðbeiningar um hönnun mannvirkjanna á grundvelli samþykkrar þarfagreiningar, stefnu sveitarfélagsins og fjárhagslegra forsendna.
- Fjalla um tillögur að útboðum, samningsgerð, áfangaskiptingu og framkvæmdafyrirkomulagi og gera tillögur þar um til bæjarráðs. Leita skal heimildar bæjarráðs fyrir útboði hvers áfanga.
- Gæta þess að allar tillögur og ákvarðanir séu innan fjárheimilda í samræmi við samþykktar áætlanir.
- Bæjarstjóri fer með framkvæmd samninga og útboða í samræmi við samþykktir bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Stýrihópurinn hefur ekki sjálfstætt ákvörðunarvald um útboð, samninga eða fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins. Slíkar ákvarðanir eru teknar af bæjarráði, bæjarstjórn eða bæjarstjóra samkvæmt gildandi samþykktum og fjárheimildum.

Starfshættir

Um starfshætti undirnefnda og ráða bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar er fjallað í VI. kafla í *samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

Stýrihópurinn kemur saman eftir þörfum, þó að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði á undirbúning- og framkvæmdatíma verkefnisins. Boðað skal til aukafunda ef a.m.k. tveir fulltrúar stýrihópsins óska þess.

Starfsmenn stýrihópsins sjá um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir stýrihópinn. Þeir útbúa, í samráði við formann stýrihópsins, rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum, varamönnum og öðrum sem seturétt eiga á fundum ráðsins. Með fundarboði skulu fylgja öll gögn sem lögð eru fram fyrir fundinn.

Starfsmenn stýrihópsins sjá til þess að fundargerð sé tekin á dagskrá næsta fundar bæjarráðs.

Ályktanir til bæjarstjórnar og bæjarráðs skulu ætíð sendar fyrir fundi bæjarráðs í sérstöku erindi sem starfsmenn stýrihópsins undirbúa.

Stýrihópurinn skal leita ráðgjafar eftir þörfum hjá þeim sem hafa sérþekkingu eða reynslu af viðkomandi viðfangsefnum á hverjum tíma. Stýrihópnum er gert að eiga reglulegt samtal við hagsmunaaðila og kalla þá til sín til samráðs og ráðgjafar eftir þörfum. Kostnaður vegna slíkrar vinnu skal rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni. Aukafjárveitingar eru samkvæmt reglum sveitarfélagsins um gerð viðauka.

Kjörnir fulltrúar skulu fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín samkvæmt samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar og njóta fræðslu og stuðnings, þ.m.t. tülkaþjónustu eftir því sem þörf er á.

Eftirfylgni



Stýrihópurinn og starfsmenn hansbera ábyrgð á framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma. Formaður og aðrir fulltrúar stýrihópsins skulu snúa sér til bæjarstjóra til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum sem ekki eru alfarið á verksviði stýrihópsins að framfylgja.

Bæjarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarráðs vegna verkefnisins.

Verkefnastjóri uppbyggingar íþrótt- og skólamannvirkja annast daglega verkefnastjórn, samskipti við ráðgjafa og verktaka, undirbúning mála fyrir stýrihópinn og eftirfylgni mála.

Réttindi og skyldur ráðsmanna

Um réttindi og skyldur fulltrúa sem sitja í stýrihópnum gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar, samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar, siðaregla kjörinna fulltrúa* og aðrar þær reglur og viðmið sem kunna að vera sett og kynnt fyrir fulltrúum á starfstíma stýrihópsins. Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu, þagnarskylda helst þó látið sé af störfum. Um hæfi fulltrúa í stýrihópnum gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Um hæfi starfsmanna gildir II. kafli stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal stýrihópurinn taka mið af sveitarstjórnarlögum, stjórnarsýslulögum, lögum um opinber innkaup, samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar og öðrum þeim lögum og reglum sem varða verkefnið.

Samþykkt í bæjarráði Hornafjarðar 30. júní 2026*

Hjalti Þór Vignisson

Bæjarstjóri

**Samkvæmt 7. mgr. 32. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella á meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur. Samkvæmt 351. fundi bæjarstjórnar Hornafjarðar þann 4. júní 2026 fer bæjarráð með fullt umboð til afgreiðslu mála á meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur, frá og með 16. júní 2026 til 20. ágúst 2026*